



Til:
Efni:
Upplýsingar:

ulfar@hvolsvollur.is

Re: Fw: 1802046 - Fornhagi, Rang eystra deiliskipulagstillaga

Sent: 10-12-2019 14:10:19 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019110031, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2019110031

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Rangárþingi eystra, dags. 28. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulag í Fornhaga, Rangárþingi eystra.

Náttúrufræðistofnun gaf umsögn um deiliskipulagið á vinnslustigi 2. september sl., sjá meðfylgjandi umsögn. Í ljósi fyrri umsagnar stofnunarinnar og náttúrufræðisvæðinu sér Náttúrufræðistofnun ekki ástæðu til að gera athugasemd við skipulagið vegna umfangs eða staðsetningar. Stofnunin telur þó rétt að í skilmálum deiliskipulagsins eigi að tilgreina að ekki sé heimilt að nota framandi ágengar plöntutegundir við gróðursetningu innan deiliskipulagsins.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson, forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

Umsögn Náttúrufræðistofnunar frá 2. september 2019.

Tilvísun í mál: 2019080023

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts og símtals við starfsmann Landslags, Halldóru Narfadóttur, þar sem þess var óskað að Náttúrufræðistofnun skoðaði land sem taka á undir ferðaþjónustu, Fornhaga í Rangárþingi eystra, samkvæmt þeim gögnum sem fylgja erindinu. Óskað var m.a. eftir því að stofnunin mundi meta hvort ástæða væri til að gera úttekt á landinu á vettvangi eða hvort nægar upplýsingar væru til um svæðið og þá meðal annars m.t.t. athugasemda Umhverfistofnunar sem koma fram í bréfi stofnunarinnar til Rangárþings eystra, dags. 29. nóvember 2018.

Svæðið sem um ræðir liggur á milli Þverár og Akureyjarvegur og upp undir Suðurlandsvegi (Þjóðvegi 1). Landið er framræst og eftir því sem Náttúrufræðistofnun þekkir best til hefur í Hemlu löngum verið mikið um hross sem m.a. hefur verið beitt á þetta svæði, en hestarétt er við það. Á loftmynd má sjá merki eftir hrossin, götur og flög við tjarnir.

Samkvæmt vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar, framkvæmd með fjarkönnun og m.a. með notkun loftmynda á þessu svæði, flokkast umrætt land að mestu sem grasengjavist með starungsmýri og gulstararflóa á blautustu svæðunum og einnig koma fram litlar einingar (nokkrir pixlar) sem flokkast sem lyngmói en eru væntanlega starungsmýri. Fjarkönnun er ekki óbrigðul en samkvæmt fjarkönnunargögnum og skoðun á loftmyndum og öðrum tiltækum myndum, auk þekkingar starfsmanna Náttúrufræðistofnunar á svæðinu, má segja með mikilli vissu að mest af svæðinu sé grasengjavist

Eins og áður segir er landið er framræst og virðist vera að þorna upp. Við skráningu á votlendissvæðum, 2. ha og stærri, samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, sem Náttúrufræðistofnun var falið að framkvæma, hefur stofnunin ekki skráð votlendi af framangreindri stærðargráður á skipulagssvæðinu, sjá <https://serstokvernd.ni.is/>.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er verndargildi þess svæðis sem er innan deiliskipulagsreits mjög takmarkað og ekki sé ástæða til að gera athugasemd við þessa framkvæmd með það í huga. Ekki langt frá virðist land blautara og mýrlendi mismikið raskað og þar er einnig „tjörn“ Rotaflóð sem virðist stundum þorna. Kostur við svæðið er að stutt er inn á vegi og þarf því ekki að koma til mikillar vegalagningar yfir mýrasvæði. Þrátt fyrir að ekki séu skráð votlendi á þessu svæði sem er 2 ha eða stærri telur Náttúrufræðistofnun að ætið skuli reynt að forðast að skerða votlendi eins og hægt.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Trausti Baldursson/NI.IS
Dags: 29-11-2019 09:00:28
Til: Anna Sveinsdóttir/NI.IS@NI.IS
Efni: Fw: 1802046 - Fornhagi, Rang eystra deiliskipulagstillaga

----- Forwarded by Trausti Baldursson/NI.IS on 29.11.2019 09:00 -----

From: Guðmundur Úlfar Gíslason <ulfar@hvolsvollur.is>
To: Sigrún Guðmundsdóttir <sigrun@hsl.is>, Kristinn Magnússon <kristinn@minjastofnun.is>, "ust@ust.is" <ust@ust.is>, Trausti Baldursson <trausti@ni.is>, "erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>
Date: 28.11.2019 15:21
Subject: 1802046 - Fornhagi, Rang eystra deiliskipulagstillaga

Sælar

Vinsamlegast gefið umsagnir vegna tillögu að deiliskipulagi í Fornhaga, Rangárþingi eystra, fyrir 20. desember nk.

Kveðja,

Guðmundur Úlfar Gíslason
Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra
ulfar@hvolsvollur.is



Rangárþing eystra

Sími: 354 4884200 hvolsvollur@hvolsvollur.is

Austurvegi 4 kt.470602-2440
860 Hvolsvöllur www.hvolsvollur.is

Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 9.mgr. [47.gr.](#) laga nr.

81/2003 um fjarskipti.



- 18046-dsk_DSK_1000.pdf